

## Almennar leiðbeiningar um umsókn og afgreiðslu á lyfjaskírteinum

Dagsetning: 1. september 2016

---

**Hvernig er sótt um lyfjaskírteini?** Læknir skal sækja um lyfjaskírteini. Í nokkrum tilfellum þarf læknir með ákveðna sérgrein að sækja um lyfjaskírteini skv. vinnureglum. Læknar mega ekki sækja um lyfjaskírteini fyrir sjálfan sig.

### Í hvaða tilvikum er hægt að sækja um lyfjaskírteini?

1. **Lyf án greiðslupátttöku.** Fyrir einstaklinga sem þurfa að nota lyf um lengri tíma sem eru án greiðslupátttöku sjúkratrygginga skv. lyfjaverðskrá. Ef lyfjaskírteini er samþykkt þá fer greiðslupátttaka sjúkratrygginga samkvæmt „þrepakerfinu“.

2. **Líknandi meðferð, lokastignýrnabilun, geðrofssjúkdómar.** Fyrir einstaklinga sem eru í líknandi meðferð í heimahúsi, eru með lokastignýrnabilun eða alvarlegan geðrofssjúkdóm. Ákveðin lyf fyrir þessa einstaklinga eru að fullu greidd af sjúkratryggingum og falla því fyrir utan „þrepakerfið“.

3. **Frávik frá viðmiðunarverði.** Fyrir einstaklinga sem geta ekki notað það lyf sem er með viðmiðunarverð í viðmiðunarverðflokki vegna t.d. alvarlegra aukaverkana. Greiðslupátttaka sjúkratrygginga miðast þá við smásöluverð viðkomandi lyfs og fer greiðslupátttaka sjúkratrygginga þá samkvæmt „þrepakerfinu“.

4. **Húðlyf, gervítar ofl.** Fyrir einstaklinga sem af brýnum læknisfræðilegum ástæðum þurfa að nota t.d. húðkrem, augndropa eða sambærilegar vörur. Greiðslupátttaka sjúkratrygginga fer þá samkvæmt „þrepakerfinu“.

5. **Lausasölulyf.** Fyrir einstaklinga sem þurfa að nota lausasölulyf um lengri tíma. Greiðslupátttaka sjúkratrygginga fer þá samkvæmt „þrepakerfinu“.

6. **Undanþágulyf.** Fyrir einstaklinga sem þurfa að nota lyf um lengri tíma sem veitt hefur verið undanþága fyrir þar sem meðferð með lyfi á markaði hefur reynst ófullnægjandi, þolist ekki eða er ekki fánlegt. Greiðslupátttaka sjúkratrygginga fer þá samkvæmt „þrepakerfinu“.

**Skilyrði fyrir samþykki á lyfjaskírteini:** Í vinnureglum koma fram þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá samþykkt lyfjaskírteini. Algengustu vinnureglurnar eru birtar á heimasíðu Sí. Frávik frá vinnureglum eða ný lyf eru metin sérstaklega. Sjúkratryggingar Íslands áskilja sér rétt til að leita álits sérfræðings utan stofnunarinnar áður en til afgreiðslu kemur.

Þegar lyfjanotkun er umfram ráðlagða dagskammta eða verið er að nota mörg ávana- og fíknilyf þarf að rökstyðja það sérstaklega að öðrum kosti er umsókn synjað og upplýsingar sendar til Embættis landlæknis

**Gildistími:** Gildistími lyfjaskírteina er samkvæmt vinnureglum. Gildistími lyfjaskírteina miðast frá dagsetningu umsóknar.